

BORGARRÁÐ 15. september 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að hætt verði við að loka skólamunastofu Austurbæjarskóla – SFS22060127

Til stendur að leggja niður Skólamunastofu Austurbæjarskóla, sem varðveitir sögu skólans með hinum ýmsu munum. Hollvinafélag Austurbæjarskóla hefur barist fyrir að halda stofunni lifandi. Lagt er til að hætt verði við þessi áform og ákvörðunin endurskoðuð. Hér er um að ræða vanhugað skref sem einkennist af geðþóttaákvörðun eftir því sem séð verður. Þess utan er þetta í hrópandi mótsögn við auglýsingu um stöðu skólastjóra Austurbæjarskóla. Þar stóð einmitt að leitað væri að einstaklingi sem gæti leitt starfið inn í framtíðina með virðingu fyrir ríkri menningarlegri arfleifð. Hverju má það sæta, að skólastjórinn skuli ekki sporna við fæti hér?

Greinargerð:

Flokkur fólksins er ósáttur við þessa ákvörðun og finnst, að með henni sé skóla- og frístundasvið og meirihlutinn í borgarstjórn að sýna Skólamunastofunni, öllu því sem í henni er og þeim sem hafa haldið utan um munina mikla vanvirðingu. Allt hefur það starf verið unnið í sjálfböðavinnu í þessum bráðum hundruð ára skóla. Áður hefur verið reynt að gera atlögu að Skólamunastofunni, sem er staðsett uppi í risi skólans, sem nær undantekningarlaust hefur verið notað sem geymsluhúsnæði. Þarna er lágt undir loft og einungis þakgluggar. Þarna var reynt að hafa námsver sem ekki gafst vel. Nú á að endurtaka mistökin með því að koma þarna upp einhvers konar tölvuveri. Í fyrra átti að koma þarna upp íslenskuveri fyrir erlend börn, einmitt þarna þar sem Skólamunastofan er til húsa. Af hverju má Skólamunastofan ekki fá að vera þarna í friði?